

Hundaræktarfélag Íslands

BT. Stjórnar HRFÍ

Síðumúla 15

108 Reykjavík

Reykjavík 28. febrúar 2017.

Við undirrituð leggjum til lagabreytingu við lög HRFÍ, grein IV. Stjórn félagsins, liður 10.

Breytingin fellst í því að bæta inn eftirfarandi:

„Félagsmenn geta ekki setið í stjórn HRFÍ og stjórn deilda á sama tíma, hvorki sem aðalmenn né varamenn.“

Liður 10 væri þá eftirfarandi;

IV. Stjórn félagsins.

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára fyrir þá stjórnarmenn sem kjörnir eru á sama tíma. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. **Félagsmenn geta ekki setið í stjórn HRFÍ og stjórn deilda á sama tíma, hvorki sem aðalmenn né varamenn.**

Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu ekki vera á launaskrá hjá félaginu.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda skulu tilkynnt á heimasíðu félagsins 31. mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning frambjóðenda skal liggja frammi á

skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Aðalfundur er kjörfundur stjórnarkjörs en kosning utan kjörfundar skal fara fram á skrifstofu félagsins síðustu fimm virka daga fyrir aðalfund í a.m.k. fjórar klukkustundir á hverjum degi.

Stjórn félagsins skal eigi síðar en 31. janúar ár hvert skipa þriggja manna kjörstjórn sem annast skal framkvæmd stjórnarkjörs og úrskurða um vafaatriði.

Framkvæmdastjóri félagsins er starfsmaður kjörstjórnar. Stjórn félagsins skal, að fengnu álit kjörstjórnar, gefa út nánari reglur um kjörgögn og fyrirkomulag kosninga og kynna á heimasíðu félagsins eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Rökstuðningur okkar er sá að seta bæði í stjórn HRFÍ og í stjórn deilda geti skapað hagsmunaárekstra innan stjórnar HRFÍ þó svo viðkomandi sé látinn víkja af fundi þegar málefni viðkomandi deildar eru rædd. Það sé því farsælast að þeir sem sitji í stjórn HRFÍ á hverjum tíma sitji ekki á sama tíma í stjórn deilda.

Flutningsmenn tillögunar eru;

Díana Sigurfinnsdóttir
Gunnar Pétur Róbertsson
Lárus Eggertsson
Guðmundur Pétursson
Guðni Stefánsson
Sigurður A. Vilhjálmsson